**247. fundur fræðslunefndar Mýrdalshrepps**
haldinn í Víkurskóla þriðjudaginn 3. september kl. 16:00

Eftirtaldir sátu fundinn:
Fræðslunefnd; Anna Huld Óskarsdóttir formaður, Anna Björnsdóttir ritari, Karl Pálmason,
Aðrir; Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, Elín Einarsdóttir skólastjóri grunnskóla, Bergný Ösp Sigurðardóttir skólastjóri leikskóla, áheyrnarfullrúar eru, Dagný Rut Gretarsdóttir leikskóla, Salóme Þóra Valdimarsdóttir foreldri

**DAGSKRÁ**

1. **LEIKSKÓLINN**

a. Leikskólastjóri fer yfir stöðu skólans.
opnað 6. ágúst, starfið fer vel af stað... formlegt vetrarstarf hefst 15. ágúst... vantar skipulag vegna tíma í íþróttahúsi. Frá og með næskomandi fimmtudegi þarf hugsanlega að senda börn heim, vegna manneklu... fræðslunefnd, leikskólastjóri og sveitarstjóri munu leita leiða til að svo verði ekki.

b. Skóladagatal (fylgiskjal 1)
Ath. Lokun/opnun á milli jóla og nýárs.......endurskoðunar er þörf... agt til að gera könnun meðal foreldra.

c. Þarf að skoða athugasemdir frá heilbrigðiseftirliti.

2. **TÓNSKÓLINN**

a. Skólastjóri fer yfir stöðu tónskólans
Skólatónleikar áttu að verða 16. maí sem gekk ekki....röskun var á kennslu og erfitt var að koma þessu heim og saman. Vortónleikarnir voru svo 31. maí. Skráning hefur farið fram og hafa 15 skráð sig þar af 9 börn...
Lögð fram starfsáætlun skólaárið 2019 – 2020
Yfirlit yfir hljóðfæri Tónskólans

KP AB. [illegible]

**3. GRUNNSKÓLINN**

a. Skýrsla skólastjóra (fylgiskjal 2)
Miklar endurbætur hafa verið gerðar á skólahúsnæðinu s.s. nemendasnyrtingu, vinnuaðstöðu kennara, kennslustofum o.fl. Dægradvölin fær sér stofu fyrir starfsemi sína og keypt hafa verið húsgögn í alrými skólans. Til stendur að skipta um glugga í skólahúsinu bráðlega. Nokkuð bætt við af kennslugögnum t.d. í náttúrufræði. Skólinn er vel mannaður en þar starfa í vetur 17 manns: kennarar, skólaliðar, skólabílstjórar og starfsfólk v/ mötuneytis og ræstinga. Sérstök áhersla lögð á sundkennslu til 1. október en þá hefjast endurbætur í íþróttamiðstöðinni. Dægradvölin opin til kl. 16 alla virka daga. Vonir standa til að hægt verði að bjóða pólskum nemendum skólans upp á pólskukennslu í vetur. Verkefnið göngum í skólann hefst 4. september.

b. Reglur og gjaldskrá fyrir dægradvöl Víkurskóla – drög til kynningar (fylgiskjal 3)
Dægradvölin verður fyrir börn 1. – 4. bekkjar Víkurskóla og er opin frá skólalokum til kl. 16 alla virka daga. Einnig er opið á foreldra- og starfsdögum Víkurskóla. Sjá nánar í fylgiskjali

c. Þekkingarskýrsla – ferð skólastjóra á ráðstefnu í Kanada s.l. vor (fylgiskjal 4)

d. Starfsáætlun er í vinnslu

e. Erasmus verkefni farið í gang...

**4. ÖNNUR MÁL**

Næsti fundur er 8. október..
Drög að gjaldskrá fyrir Dægradvölina lögð fram til kynningar af sveitarstjóra

Fundi slitið kl. 17:45

Anna Björnsdóttir ritari

Anna Hulda Ólafsdóttir
Kari Björn
Salóme Þóra Valdimarsd.
Anna Björnsdóttir

## Tónskóli Mýrdalshrepps Haustönn 2019

**Nemendur í Vík mega eiga von á þeim verði úthlutað föstum kennslutímum utan skólatíma eins og hægt er og í samráði við forráðarmenn/foreldrar.** Haustönn 2019 mun Aron Jens taka að sér að kenna tónfræði en ekki samhliða hljóðfæranámi eins og var í fyrra. Í Tónskóla Mýrdalshrepps munu nemendur læra tónfræði sem hluta af hljóðfæranáminu á meðan þeir eru yngri en **9** ára. Nemendur í **4. bekk** og eldri sem komnir eru áleiðis að fyrsta stig í hljóðfæraleik muna sækja sérstaka tónfræðitíma og þeir munu fara fram eftir skóla.

**Foreldradagar.** Samvinna við foreldra er mjög mikilvæg. Tvisvar á skólaári, í **október** og **febrúar** eru foreldravikur. Foreldrar/forráðamenn eru þá boðnir sérstaklega velkomnir að sitja kennslustund með barni sínu, kynna sér hvernig náminu miðar og hvað er framundan. Það skal þó tekið fram að foreldrar/forráðamenn eru ætíð velkomnir í kennslustund og eru hvattir til að hafa samband við kennara hvenær sem þurfa þykir.

**Öldungadeild.** er starfrækt við skólann. Námið er sérsniðið að þörfum hvers og eins. Lögð er áhersla á að námið sé bæði gagnlegt og skemmtilegt.

**Skólareglur**

**1.** Nemendum og kennurum ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir. Tilkynna ber forföll til viðkomandi kennara eða í síma Tónskólans, sími: 8920390.
**2.** Almenn háttvísi er áskilin.
**3.** Nemandi skal koma vel undirbúinn í tíma.
**4.** Kennara er ekki skylt að bæta upp þær kennslustundir er kunna að falla niður vegna veikinda hans eða nemanda. En samt skal hann alltaf reyna að bætta upp. Veikist kennari til langs tíma, reynir skólinn að útvega forfallakennara.
Falli kennsla niður vegna veikinda kennara eða nemanda er ekki skylda að bæta upp tíma. Falli tími niður af öðrum orsökum er kennsluuppbót samningsatriði fyrrgreindra aðila.
**5.** Nemendur skulu ganga vel og snyrtilega um skólann og eigur hans.
**6.** Góð umgengni og góð meðferð hljóðfæra er áskilin. Nemendum er bannað að lána hljóðfæri sem þeir eru með á leigu. Viðhald hljóðfæris á lánstímanum og skemmdir af völdum slæmrar meðferðar eru á kostnað nemenda.
**7.** Mæti nemandi ekki í tvær kennslustundir í röð án forfallatilkynningar skal kennari hafa samband við foreldra/forráðamenn og skólastjóra.
**8.** Nemanda ber að mæta á alla tónleika, samspilstíma og tónfræðatíma sem honum er ætlað.
**9.** Skírteini um áfangapróf/stigspróf taka ekki gildi fyrr en samhliða tónfræðagreinum er lokið.
**10.** Snyrtilegur klæðnaður og prúðmennska nemenda skal ávallt viðhöfð á tónleikum skólans.

# Tónskóli Mýrdalshrepps Haustönn 2019

**Próf**

Nýtt samræmt prófakerfi fyrir landið tók gildi 2004. Námið skiptist í þrjá meginánfanga: grunnnám (I.-III.stig), miðnám (IV-V stig) og framhaldsnám (VI.-VII. stig).

Hverjum meginánfanga lýkur með áfangaprófum, þ.e. **grunnprófi**, **miðprófi** og **framhaldsprófi**, *annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum.* Lengd námstíma innan hvers áfanga er mismunandi og ræðst af ástundun, getu og þroska hvers einstaklings.

Milli áfangaprófa eru tekin **stigspróf** þ.e. I., II., IV., og VI. stig. Athuga þarf að til þess að áfanga-/stigspróf sé gilt þarf nemandi að hafa lokið prófum í tónfræðagreinum sem eru hliðstæðar því stigi sem hann er að ljúka.

**Allir nemendur taka próf á hverju skólaári**, þeir nemendur sem ekki þreyta **stigspróf** eða **áfangapróf** taka **vorpróf**.

Stigspróf og vorpróf á hljóðfæri mun vera eftir páskaleyfi, **13.-15. maí 2020**. **Tónfræðapróf** í byrjun maí.

Leggja þarf inn umsókn hjá prófanefnd tónlistarskóla vegna töku áfangaprófa, prófdómarar á hennar vegum dæma prófin, í flestum tilfellum eru áfangapróf seinni hluta skólaárs.

Kennari metur hvort og hvenær nemandi er tilbúinn að þreyta áfangapróf eða stigspróf. Til að standast áfanga-/stigspróf þarf lágmarkseinkunnina 6.0. Öll prófskírteini eru afhent við skólaslit.